

Um það sem ekki stendur skrifað

Orkumálin í brennidepli

Kári skrifar

12. desember 2023

Réttlætisgyðjan



Inngangur

Hér verður haldið áfram þar sem frá var horfið að rekja dóm Hæstaréttar Norðs frá 31. október síðastliðnum, í máli sem samtökin Nei til EU höfðu til þess að fá úr því skorið hvort innleiðing orkupakka þrjú í EES-samninginn væri í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Vonandi fer þeim fjölgandi á Íslandi sem átta sig á þýðingu yfirþjóðlegs réttar en það er einmitt einkenni fyrir Evrópurétt. Hann skal ganga framur rétti aðildarríkjanna þegar árekstrar verða. Lögfræðileg tvíhyggja hefur lengi verið áberandi í íslenskri umræðu um þetta. Hún gengur út á það að vel sé hægt að eiga köku og éta, á sama tíma. Að engin mótsögn sé í því fólgin. Sumir þingmenn þírata aðhyllast t.d. þá skoðun. Þeir halda því fram að þar sem Evrópuréttur/EES-réttur/alþjóðaréttur þarf innleiðingu á Alþingi [dualism] merki það um leið að þingið geti haft þetta eins og því sýnist. Dómsmál Framkvæmdastjórnar ESB, gegn einstökum aðildarríkjum Sambandsins, hljóta þá að vera byggð á misskilningi. Framkvæmdstjórninni hefði verið nær að fá leiðsögn þírata áður en farið var með málin fyrir Evrópudómstólinn! Sama gildir þá um mál sem farið hafa fyrir EFTA-dómstólinn.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

Stórþingið taldi sig hafa rétt til þess að veita samþykki fyrir innleiðingu þriðja orkumarkaðspakkans í EES samninginn samkvæmt skv 2. mgr. 26. gr. stjórnarskrárinnar með einföldum meirihluta. Því var haldið fram að valdatilfærslan í þriðja orkumarkaðspakkanum væri „minniháttar“. [61. mgr.] Þá hljóta menn að spyrja: hversu mikið þarf til að norska Stórþingið telji fullveldisafsal „meiriháttar“? Hvar telur norska þingið að þau mörk liggi? Einn liður í framsali valds er að ESA getur tekið ákvarðanir í sértækari málum og með tilteknum skilyrðum, byggt á drögum frá ACER, sem gildir fyrir norska Landsreglarann (RME) hjá norsku vatna- og orkumálastofnuninni (NVE). RME er skylt að fylgja eftir ákvörðunum og taka mögulega ákvarðanir sem í reynd munu beinast að Statnett, sbr. 8. gr. fyrri ACER-reglugerðarinnar með aðlögun sem leiðir af ákvörðun EES-nefndarinnar nr. 93/2017. Að framselja stjórnarsýsluvald jafngildir því að framselja hluta fullveldis. Stjórnarsýsla er hluti ríkisvalds.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

Þegar rætt er um alþjóðlegar skuldbindingar er oft gerður greinarmunur á því hvort skuldbindingarnar leggjast á ríkin sem slík eða mynda skyldur gagnvart borgurum ríkjanna. Mörk þess eru þó ekki ævinlega skýr. Í dóminum er vikið að þessu. Þar er því haldið fram að það sé aðeins framsal valds til að taka ákvarðanir sem er beint bindandi í Noregi, **án sérstakra ráðstafana vegna innleiðingar**, sem falli undir hið sérstaka ákvæði 115. gr. stjórnarskrárinnar. Að ályktanir sem skapa eingöngu skyldur samkvæmt þjóðarétti fyrir Noreg, á hinn bóginn - að minnsta kosti almennt - falli ekki undir ákvæðið. [78. mgr.] Frá 82. mgr. dómsins er sérstaklega fjallað um **uppsafnað fullveldisafsal**. Það merkir að horfa verði til þess fullveldis sem áður hefur færst úr landi og meta fullveldisafsal í nútímanum í því ljósi. Nefnd eru tvö dæmi um skref-fyrir-skref flutning herstjórnarvalds konungs. **Aðild Norðmanna að NATO árið 1949** sem var þjóðréttarlegs eðlis. En árið 1951 var einnig ákveðið að Noregur skyldi taka þátt í gerð sameiginlegra stjórnkerfa og sameiginlegra varnarsveita fyrir ríki Atlantshafsbandalagsins. [89. mgr.]

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

Árið 1962 var síðan veitt samþykki fyrir þátttöku Norðmanna í gerð sameiginlegs loftvarnarkerfis fyrir evrópska hluta NATO-svæðisins. Þetta fól í sér að sameiginlega loftvarnarkerfið lyti forystu yfirmanns Evrópuherstjórnarinnar, sem með vissum takmörkunum, fékk aðgerðastjórn yfir loftvarnarsveitum aðildarlandanna. [89. mgr.] Í dóminum er einnig vísað til framsals valds (fullveldis) til Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins (EASA). Noregur gekk í EASA þegar stofnunin varð hluti af EES-samningnum árið 2002. Þá voru tengslin við stjórnarskrána metin. Árið 2008 voru valdheimildir EASA til nýrra flugöryggissvæða auknar og árið 2015 var stofnuninni veitt heimild til að samþykkja rekstraraðila frá þriðju ríkjum. [92. mgr.] Frá 106. mgr. í dóminum er rætt um endurskoðun dómstóla [**Domstolenes grunnlovs-kontroll**]. Hvorki Ísland né Noregur hafa stjórnarskrárdómsól (Constitutional Court). Það kemur því í hlut Hæstaréttar hvors ríkis að skera úr um álitamál sem snerta skjórnarskrár þeirra.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

Endurskoðun dómstóla er ekki einungis bundin við lög. Hún felur einnig í sér ákvarðanir sem Stórþingið tekur í samræmi við 2. mgr. 26. gr stjórnarskrárinnar og 115. gr. hennar. Í 143. mgr. dómsins er fjallað um ferlið við mat á stjórnarskrárendurskoðun dómstóla og hversu ítarleg slík endurskoðun skuli vera. Í Noregi er oft lagður til grundvallar svo nefndur **Kløjfta-dómur** frá 1976 þegar lagt er mat á framsal fullveldis. Sjónarmið Stórþingsins um atriði sem snerta stjórnarskrána verða að fá töluvert vægi, en ef það er **hafið yfir skynsamlegan vafa** að val meirihluta þingsins um málsmeðferð sé ekki í samræmi við stjórnarskrána hlýtur val Stórþingsins að víkja. Í Kløjfta-dóminum er tekið mið af fordæmum í bandarískum stjórnskipunar-rétti, sbr. meginregluna um „æskilega stöðu“ [„preferred position principle“.] [143. mgr.]

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

Framsál valds samkvæmt 2. mgr. 26. gr. norsku stjórnarskrárinnar hefur sérkenni sem gera það að verkum að athugun verður að vera ítarlegri en almennt gildir um ákvæði sem taka til valdsviðs ríkisvaldsins í sama flokki. Í reynd fellur prófið [sem notað er til þess að meta valdaframsalið] saman við það sem í grundvallaratriðum gildir um stjórnarskrárvernd efnahagslegra réttinda. Síðan Kløfta-dómurinn var kveðinn upp hefur hann verið fordæmi um stjórn-skipunarleg álitamál í Noregi.[Husa, J. 2019]. Í stuttu máli felur meginreglan um „æskilega stöðu“ í sér að athugun dómstóls á löggjöf gagnvart stjórnarskrá verði að vera þeim mun ítarlegri að því er varðar **stjórnarskrarákvæði til verndar einstaklingsfrelsi og öryggi en hvað snertir þau ákvæði sem vernda efnahagslega stöðu.**[Bårdsen, A. 2014].

Að lokum

Það er vonandi að æ fleiri átti sig á því hversu yfirgripsmikil markaðsvæðingin er orðin. Hún nær til hugarfarsins, almannaþjónustu, orkumálanna, stjórn-málanna og dómstólanna. Þeir sem þó munu aldrei átta sig á einu né neinu eru þingmenn Vg og pírata. Ýmsir aðrir átta sig vel en þeir vilja markaðs-væðingu rafmagns enda hefur sumt fólk, þvert á stjórn-málaflökka, beinan hag af því sjálft. Afstaða þessa fólks á Alþingi mótast af einkahagsmunum öðru fremur. Þjóðarhagsmunir eru látnir víkja fyrir hagsmunum braskara og fjárglæframanna. Sumir eru einfaldir og halda því fram að t.a.m. snjallmælar hafi ekkert með verð á rafmagni að gera! Þeir séu einungis tæki til þess að mæla notkun. Getur fólk sem þannig talar lesið sér til gagns? Að sjálfsögðu hafa snjallmælar mjög mikið með verðlagninguna að gera. Þeir eru liður í markaðsvæðingunni. Þar vísast til hnitmiðaðra athugasemda Dr. Jónasar Elíassonar, frá 19.08.2022. [Jónas 2022].

Að lokum framh.

Stjórnmalaklikan í Noregi (og braskarar henni tengdir) sá vafalaust nýtt „olíu-ævintýri“ fólgið í útflutningi rafmagns um sæstrengi til annara Evrópuríkja. Þá er ekki hugsað um hagsmuni almennings eða lágt raforkuverð innanlands, enda má ekki „skekka markaðinn“. Það brýtur gegn Evrópurétti. Norski dómurinn sem hér er reifaður, og áfram verður reifaður í næstu grein, sýnir vel hvernig reynt er að klæða hagsmuni markaðsaflanna í fræðilegan búning lögfræði. Reynt er að beina sjónum fólks frá kjarna málsins sem er sá að búið er að flytja yfirstjórn orkumálanna til orkustofnunar Evrópu, ACER. Það er að sjálfsgöðu mikið fullveldisafsal. Það verður sérstaklega umhugsunarvert í ljósi þess að fleiri orkupakkar bíða á færibandinu. Orkupakki fjögur til t.a.m. þegar tilbúinn og innleiddur á vettvangi ESB-ríkjanna. Hvaða afstöðu ætlar Hæstiréttur Noregs þá að taka? Verður hann enn þeirrar skoðunar að um „minniháttar fullveldisafsal“ sé að ræða? Hversu margir þurfa pakkarnir að verða áður en Hæstiréttur Noregs hættir meðvirkni með peningavaldinu?

Að lokum framh.

Landsmenn hafa undanfarið séð auglýsingar „orkumiðlara“ sem nú keppa um að selja fólki rafmagn sem það á þó sjálft. Til þess að ná „hylli neytenda“ verður þess varla langt að bíða að einhver „miðlarinn“ auglýsi t.d. svona: „**Rafmagnið frá okkur endist lengur!**“, „**Tækin ganga lengur með rafmagni frá okkur!**“, eða jafnvel: „**Við seljum þér þitt eigið rafmagn, þú greiðir minna!**“ Hversu lengi er almenningur tilbúinn til þess að láta blekkja sig? Er ekki norska útkoman víti til varnaðar eða verða menn nauðsynlega sjálfir að lenda í vítunum? Er aldrei hægt að læra neitt af reynslu annara þjóða? Um þessar mundir er rætt um skerðingu og skerðingarröð raforku. Með skerðingarröð er, eins og nafnið bendir til, átt við það í hvaða röð raforkusala er skert til kaupenda. Mál nr. 48/2023 birtist í samráðsgátt þann 28.02.2023. Um er að ræða drög að frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum og snerta raforkuöryggi. [Sækja drög].

Að lokum framh.

Sá skeleggi og skarpi rafmagnsverkfræðingur, Bjarni Jónsson, vísar að nefndu frumvarpi í nýlegri grein sinni. Hann bendir á það að á Íslandi er við lýði úrelt löggjöf Evrópusambandsins [orkupakki þrjú] enda sé önnur nýrri þegar gengin í gildi fyrir löngu innan ESB, þ.e. orkupakki fjögur. [Bjarni Jónsson 2023]. Í viðtali í kvöldfréttum sjónvarps var rætt við Hörð Arnarson, forstjóra Landsvirkjunar. Þar sagði hann: „Þegar þú ert í litlu lokuðu raforkukerfi með alveg fyrirsjáanlega eftirspurn og fyrirsjáanlegt framboð, þá virka markaðslögmál ekki vel. Við svona skortsaðstæður þá gerist það í rauninni það sama og gerðist í Skandinavíu á síðasta ári þar sem raforkuverðið fimm og tífaldaðist. Og það er staða sem ég held að enginn vilji hér á landi,“ [Sjá frétt]. En reynslan af stærri raforkumörkuðum sýnir vel að þar virka markaðslögmálin ekki heldur. Má nefna Bretland þar sem fákeppni og hærra raforkuverð er niðurstaðan. Góðar stundir!

- Bårdsen, A. (20 October 2014). "The Norwegian Supreme Court and the internationalisation of law", *Norwegian Supreme Court*. [Online]. [Sækja grein]
- Benedikt Sigurðsson. (10. Desember 2023). „Samkeppni um raforku gæti leitt til hærra verðs til almennings“, *RUV*. [Online]. [Sjá frétt]
- Bjarni Jónsson. (9. desember 2023). „Forræðishyggjan framkallar óhjákvæmilega skort “ [Online]. [Sækja grein]
- Husa, J. (2019). "Judicial Review in Norway - A Bicentennial Debate", *International Journal of Constitutional Law*, vol. 17 , no. 4 , pp. 1345-1348 . [Online]. [Sækja grein]
- Dr. Jónas Elíasson. (2022). „Þá veit enginn hvað hann er að borga...“ *Heimasíða Ögmundar Jónassonar*. [Sækja grein]
- Samráðsgátt. (28. febrúar 2023). „Breyting á raforkulögum (raforkuöryggi).“ [Online]. [Sækja drög]